

Stjórnarfundur Geðhjálpar 05.11.2015

1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar.(SHB).

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

2. Fulltrúar Geðhjálpar í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) (HJ).

Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar, var kosinn aðalmaður Geðhjálpar í stjórn MRSÍ og Sveinn Rúnar Hauksson, varaformaður Geðhjálpar, var kosinn varamaður Geðhjálpar í stjórn MRSÍ.

3. Bréf til heilbrigðisráðherra vegna geðsviðs (HJ).

Drög að bréfi samþykkt með viðbót um að efla þyrfti heilsugæsluna, þ.e. fyrsta stigs þjónustu.

4. Drög að bréfi til tveggja ráðherra í framhaldi af aðstandendamálþingi (HJ).

Drög að bréfi lesin upp og samþykkt.

5. Frumvarp um lög um almannaheillafélög og athugasemdir SÍBS (HJ).

Stjórnarmenn voru hvattir til að kynna sér athugasemdir SÍBS um frumvarp til laga um almannaheillafélög og sækja málþing Almannaheilla um frumvarpið 18. nóvember næstkomandi.

6. Samningur Reykjavíkurborgar og Rauða krossins um rekstur Vinjar (HP).

Fram kom að undirritaður hefði verið samningur um rekstur Vinjar fram á mitt ár 2017. Reykjavíkurborg mun standa straum að 80% kostnaðarins og Rauði Krossinn 20%. Velferðarráðuneytið dregur sig út úr rekstrinum.

HP þakkaði stjórn Geðhjálpar fyrir stuðninginn við uppbyggingu fræðslu- og bataseturs í Vin. Starfsemin er hafin og mun halda áfram að þróast. Hugmyndir eru uppi um að tengja Vin uppbyggingu geðheilsumiðstöðvar í vesturborg Reykjavíkur.

7. Samskipti við Pétur Guðmundsson hjá Holtaseli - fjármál (HJ, HP, AGÓ).

Fram kom að Pétur væri enn afsalshafi af húsnæðinu því að ekki væri búið að ganga frá eignaskiptasamningi og afsali. Hann væri nýbúinn að setja 75.000.000 kr. veð á heildareignina, 1. og 2. hæð til hægri. Fyrir liggur staðfestingu Arionbanka um að veðið verði fært af efri hæðinni á neðri hæðina um leið og eigninni verði skipt upp með lögbundnum hætti.

Félagið Hugarfar hefur lýst yfir áhuga á að leigja eldra húsnæði Geðhjálpar að Borgartúni 3 af félaginu. Tveir aðilar til viðbótar hafa lýst yfir áhuga á að leigja húsnæðið til veitingahúsarekstrar. Lagt er að Pétri að greiða kostnað vegna flutnings og förgunar stálplatna í milliveggjum.

8. **Bréf frá Hugarafli (HJ).**

Lesið upp bréf til stjórnar frá Nönnu Þórisdóttur, formanni Hugarafis.

Umræður um bréfið. Geðhjálpar er áhugamannafélag og stjórnina skipar fólk sem hefur áhuga á geðheilbrigðismálum. Stjórnarmenn voru einhuga um að stjórninni kæmi að öðru leyti ekkert við hvað einstökum stjórnarmönnum myndist og hvað þeir aðhefðust sem einstaklingar, svo fremi sem það væri ekki í nafni félagsins eða gengi gegn markmiðum þess. Formaður mun svara bréfinu.

9. **Önnur mál, t.a.m. tilnefningar í málefnaþópa ÖBÍ, þe kjaramála, aðgengismála, heilbrigðismála, atvinnu og menntamála og hóp um sjálfstætt líf.**

Fram kom að framkvæmdastjórn ÖBÍ hefði hafnað tilnefningum Geðhjálpar í málefnaþópa ÖBÍ á þeim forsendum að þær hefðu borist of seint. Nokkra fulltrúa vantar þó í hópa á borð við málefnaþóp um Sjálfstætt líf. Framkvæmdastjóra var falið að koma á framfærið mótælum við afgreiðslu framkvæmdastjórnar af hálfu Geðhjálpar.

Fundi var slitið um kl. 19.30.